

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

267. FUNDUR.

267. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 10. mars 2016 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir oddviti, Elín Jóna Rósinberg varaoddviti, Elín R. Líndal aðalmaður, Ingimar Sigurðsson aðalmaður, Gunnar Þorgeirsson aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir aðalmaður og Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri
Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að fá að taka á dagskrá undir 2. dagskrárlið fundargerð 264. fundar skipulags- og umhverfisráðs. Samþykkt með 7 atkvæðum. Jafnframt að taka á dagskrá fundargerð 168. fundar félagsmálaráðs sem 4. dagskrárlið og skýrsla sveitarstjóra verði þá undir 5.dagskrárlið. Samþykkt með 7 atkvæðum.

1. Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 897. fundar frá 16. febrúar sl. Fundargerð í 12 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 898. fundar frá 22. febrúar sl. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 899. fundar frá 29. febrúar sl. Fundargerð í 5 liðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 1. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra staðfestir ákvörðun byggðarráðs um að taka tilboði lægstbjóðanda, Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar ehf. í sorphirðu í Húnaþingi vestra til næstu 5 ára frá og með 1. apríl nk. og felur sveitarstjóra undirritun sammings þegar kærufrestur annarra bjóðenda er runnin út. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi bókun við 1. dagskrárlið

„Við opnun tilboða í sorphirðu í Húnaþingi vestra kom í ljós að lægsta tilboð var mun hærra en kostnaðaráætlun Eflu verkfræðistofu. Nokkrir veigamiklir liðir voru vanáætlaðir. Þrátt fyrir að svo sé eru einingaverð lægstbjóðanda lægri og/eða sambærileg einingaverði undanfarinna ára. Auk þess rúmast sá kostnaður sem tilboð lægstbjóðanda felur í sér innan fjárhagsáætlunar ársins og var því ákveðið að ganga til samninga við lægstbjóðanda. Þrátt fyrir aukna þjónustu og stærra þjónustusvæði og vegna hagræðingaraðgerða sveitarstjórna m.a. með breyttri tíðni á losun sorpiláta þá er áætlaður kostnaður við sorphirðu og urðun árið 2016 aðeins um 73,5% af kostnaði árið 2010 á verðlagi ársins 2016.

Vakin er athygli á því að nokkrar breytingar verða gerðar á sorphirðu í Húnaþingi vestra í kjölfar þess að nýr aðili tekur við verkefninu, auk breytinga á starfsmannahaldi á gámavelli. Fyrst ber að telja að sorphirða í vesturhluta Hrutafjarðar verður nú með sama hætti og annarsstaðar í sveitarfélaginu. Í öðru lagi verða innleiddar endurvinnslutunnur við hvert heimili þar sem safna má í eina tunnu, án flokkunar, endurvinnanlegu efni þ.e. pappír,

plastumbúðum, bylgjupappa og málmum. Báðar þessar breytingar fela í sér stórauðna þjónustu fyrir íbúa.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra fagnar því að sveitarfélagið er nú að stíga stórt skref fram á við í sormálum og væntir mikils af samstarfinu við nýjan verktaka.“

Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 263. fundar frá 3.mars sl. Fundargerð í 3 liðum.

Lögð tillaga um frestun 1. dagskrárliðar Samþykkt með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 2. dagskrárliður. Nafn umsækjanda vantaði í fundargerðina, en skv. upplýsingum frá byggingafulltrúa er nafn umsækjanda Kristinn Freyr Þórsson, kt. 040284-3119. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 6. dagskrárliður. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Fundargerðin borin upp í heild sinni og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 264. fundar frá 10. mars 2016. Fundargerð í 2 liðum.

Eftirfarandi tillaga borin upp vegna 1. dagskrárliðar „**Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026 - tillaga að breytingu á þéttbýlisupprætti fyrir Laugarbakka**. Skólalöng var lagt niður í Laugarbakkaskóla haustið 2014 og nú hefur sveitarfélagið selt skólann sem á að nýta sem hótél. Í gildandi aðalskipulagi er skólalöngin skilgreind fyrir samfélagsþjónustu en með breyttri landnotkun þarf að breyta henni í verslunar- og þjónustulöng. Sveitarstjórn telur að um óverulega breytingu á aðalskipulagi sé að ræða og samþykkir breytingu á aðalskipulaginu skv. 2 mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og er sveitarstjóra falið að annast gildistöku hennar.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 2. dagskrárliður. Samþykkt með 6 atkvæðum. Elín R. Línal vék af fundi við umræðu og afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.

3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 169. fundar frá 2. mars sl. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 168. fundar frá 11. febrúar sl. Fundargerð í einum lið jafnréttisáætlun Húnaþings vestra fyrir árin 2016-2020. Fundargerðin og jafnréttisáætlunin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Skýrsla sveitarstjóra

Guðný Hrunð Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl: 16:18

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Elín Jóna Rósinberg.

Elín R. Líndal

Valdimar Gunnlaugsson.

Gunnar Þorgeirsson

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir